

NORÐURLÖND 2025: SAMEINUÐ OG STERK



EFNISYFIRLIT

FORMÁLI FORSÆTISRÁÐHERRA OG LANDSTJÓRA	3
FORMÁLI SAMSTARFSRÁÐHERRANNA	5
FRAM TIL SAMÞÆTTRA, SAMKEPPNISHÆFRA OCH SJÁLFBÆRRÁ NORÐURLANDA	7
ÁHERSLA Á SAMFÉLAGSÖRYGGI OG Á BÖRN OG UNGMENNI	9
SJÁLFBÆR NORÐURLÖND	12
SAMKEPPNISHÆF NORÐURLÖND	15
FÉLAGSLEGA SJÁLFBÆR NORÐURLÖND	19
BOÐIÐ ER TIL SAMSTARFS UM SJÁLFBÆR, IÐJUSÖM OG SAMHELDIN NORÐURLÖND 2025	23
SLÓÐIR AÐ SAMSTARFSÁÆTLUNUM RÁÐHERRANEFNDARINNAR:	24
UM RITIÐ	26

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:

<https://pub.norden.org/politknord2024-777>

FORMÁLI FORSÆTISRÁÐHERRA OG LANDSTJÓRA



Petteri Orpo, forsætisráðherra Finnlands og Katrin Sjögren, landstjóri Álandseyja. Mynd: Lauri Heikkinen

Við á Norðurlöndum erum tengd sögulegum, menningarlegum og efnahagslegum böndum. Við deilum sameiginlegu gildismati byggðu á lýðræði, jafnrétti, virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarreglum réttarríkisins. Við stöndum vörð um heimsskipan sem byggist á reglum. Grundvöllur hins norræna samstarfs eru nán tengsl íbúa okkar, bein samskipti milli samfélagsþegna og virk almennasamtök. Með framtíðarsýn forsætisráðherranna fyrir árið 2030 að leiðarljósi munu ríkisstjórn Finnlands og landstjórn Álandseyja stýra starfinu í Norrænu ráðherranefndinni í átt að því að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Norrænt samstarf er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Óvægið árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu brýtur gróflega gegn þjóðarétti. Það hefur valdið úkraínsku þjóðinni miklum þjáningum og ógnar öryggi Evrópu og heimsins alls. Norrænu löndin styðja Úkraínu á marga vegu. Með áframhaldandi samstarfi aukum við samfélagsöryggi á Norðurlöndum, meðal annars viðbúnað og viðnámsþrótt. Einnig eru margar aðrar áskoranir og erfiðleikar sem við undirbúum okkur í sameiningu fyrir að mæta eins vel og hægt er.

Í réttlátu samfélagi án aðgreiningar er ráðist gegn mismunun og ójafnræði. Á Norðurlöndum byggjum við samfélagið þannig upp að allir geti tekið þátt.

Norðurlandabúar gera sér grein fyrir kostum opinna markaða og virkrar samkeppni. Efnahagsleg staða og samkeppnishæfni Norðurlandabjóðanna á heimsvísu ræður öllu um

þróun atvinnuveganna og velferð samfélagsins. Á formennskuárinu munum við stuðla að samkeppnishæfni með því að efla samstarfið hvað varðar til dæmis nýsköpun og sjálfbærar lausnir. Stafvæðing og hágæðamenntun gegna lykilhlutverki við sköpun samkeppnisfærs efnahags sem stendur styrkum fótum í hnattvæddum heimi.

Staðan í heimsmálunum krefst aukinna aðgerða, einnig í norrænu löndunum. Efla þarf norrænt samstarfi til að auka viðbúnað enn frekar. Meiri áræðni þarf á Norðurlöndum og í Evrópu til að efla samkeppnishæfni okkar til muna. Við þurfum markvissar aðgerðir til að standa vörð um það traust sem hefur verið ein af undirstöðum farsældar og velferðar á Norðurlöndum. Saman getum við tekið stór skref fram á við.

Finnland og Álandseyjar leiða starfið í Norrænu ráðherranefndinni í sameiningu árið 2025. Finnland er auk þess formennskuríki N5-samstarfs utanríkisráðherranna og Nordefco-samstarfs varnarmálaráðherranna. Á árinu verðum við einnig í formennsku Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSSE). Nú er mikilvægara en lengi áður að auka norrænt samstarf á breiðum grundvelli.

Við hlökkum til að eiga frjótt samstarf á formennskuárinu til að byggja upp okkar sameiginlegu Norðurlönd.

FORMÁLI SAMSTARFSRÁÐHERRANNA



Samstarfsráðherrar Finnlands og Álandseyja, Anders Adlercreutz (til hægri) og Annika Hambrudd (til vinstri). Mynd: Katarina Koch

Vinnunni við framkvæmd framtíðarsýnarinnar til 2030 og stefnumarkandi áherslur hennar þrjár verður haldið áfram undir formennsku Finnlands og Álandseyja í Norrænu ráðherranefndinni árið 2025. Pólitískar áherslur hafa nú verið ákveðnar í samstarfsáætlunum allra fagsviðanna. Á árinu verður að komast gott skrið á starfið með endamarkið 2030 í huga.

Undanfarin ár hafa orðið grundvallarbreytingar á samfélögum okkar og í öryggismálum á svæðinu. Þær áskoranir sem loftslagsbreytingar og minnkaður líffræðilegur fjölbreytileiki hafa í för með sér eru sérstaklega veigamiklar. Við vitum ekki hvenær næsti heimsfaraldur skellur á. Undirróðurstarfsemi verður sífellt algengari.

Norrænu löndin skera sig úr í alþjóðlegum samanburði sem samfélög jafnréttis og inngildingar. Ríkt fjölmiðlafrelsi og tjáningarfrelsi í löndunum okkar, ásamt fjölmiðlalæsi íbúanna og traustu réttarríki, merkir að forsendur eru góðar til þess að standast utanaðkomandi áhrif. Innan Norrænu ráðherranefndarinnar er starfandi mörg fagsvið og því er hún vel til þess fallin að vinna að almannavörnum og almennu öryggi. Finnland og Álandseyjar vilja á formennskuárinu stuðla að því að Norðurlönd í heild séu eins vel undirbúin fyrir möguleg áföll og mögulegt er.

Við munum vekja athygli á áherslu Norrænu ráðherranefndarinnar á þemað „Börn og ungmenni“ og vonumst til að þátttakan verði einnig mikil og marghliða í framtíðinni.



Undirbúningsstigi fyrir endurnýjun vinnunnar gegn stjórnsýsluhindrunum er nú lokið og nú er komið að því að vinna áfram af krafti, bæði innanlands og á norrænum vettvangi, að því að auðvelt sé að búa, læra, starfa og reka fyrirtæki í öðru norrænu landi.

Samstarfið á milli grannsvæðanna eykst stöðugt. Það er ánægulegt að Eystrasaltsríkin taka sífellt meiri þátt í norræna samstarfinu. Um leið heldur alþjóðlegt kynningarstarf áfram, sérstaklega með sameiginlegum verkefnum sendiráðanna víða um heim.

Drifkrafturinn hefur sjaldan verið meiri í norræna samstarfinu. Þetta á ekki aðeins við um hin hefðbundnu stóru samstarfssvið menningar og menntunar, heldur víðara samhengi. Viljinn til að gera meira hefur dreifst yfir á öll svið. Um leið er mikilvægt að taka ekki norræna samstarfinu sem sjálfsögðu. Formennskan vill sjá kröftugra og metnaðarfullra samstarf sem skapar norrænar lausnir, nýja þekkingu sem eftirspurn er eftir og vettvang fyrir norræna samlegð. Norrænt notagildi og norrænn virðisauki eiga að nýtast okkur öllum. Norðurlöndin okkar eru sameinuð og sterk, og opin okkur öllum.

Árið 2025 göngum við inn í síðasta og mikilvægasta framkvæmdarhluta fyrir framtíðarsýnina 2030. Öll norræna fjölskyldan vinnur að sama markmiði. Með einbeittu og markvissu samstarfi náum við árangri og getum unnið að forgangsverkefnum okkar.

Norræn samstarfskveðja!



Mynd: Julia Kivelä/ Finnish Lakeland/Jyväskylä Region. Tuomas Uusheimo/ Helsinki Partners. Sakari Piippo.

FRAM TIL SAMÞÆTTRA, SAMKEPPNISHÆFRA OCH SJÁLFBÆERRA NORÐURLANDA

Norræna ráðherranefndin starfar í samræmi við sameiginlega framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Í stefnunni er lögð sérstök áhersla á þrennt: Sjálfbær Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Sjálfbær þróun, jafnréttismál og réttindi barna og ungmenna eru eins og rauður þráður í starfsemi ráðherranefndarinnar.

Sameiginleg formennska Finnlands og Álandseyja markar upphafið að úrslitaáfangna framtíðarsýnarinnar til ársins 2030. Ráðherranefndirnar hafa allar látið gera samstarfsáætlanir fyrir tímabilið 2025–2030 þar sem starfseminni eru sett markmið og undirmarkmið. Auk þess á sérhvert fagsvið að vinna afmörkuð verkefni eftir starfsáætlun sem ætlað er að tryggja að árangurinn verði eins góður og nokkur kostur er.

Á meðan við gegnum formennsku stefnum við að því að koma framtíðarsýninni í verk á skilvirkan hátt og þannig að það skili norrænu notagildi. Starfsaðferðir og aðgerðir ráðherranefndarinnar eiga að vera árangursmiðaðar og samstilltar. Ríkisstjórn Finnlands styður við breytingaferlið sem stjórnarsýslan á skrifstofunni fer í gegnum og leggur til að þeir starfsmenn sem ráðnir eru á norrænum kjörum hafi vald á að minnsta kosti tveimur norrænum tungumálum í ræðu og riti og sé annað þeirra eitthvert skandinavísku málanna.

Dæmin sanna að rétt var að leggja áherslu á bæði græn og stafræn umskipti til að ná markmiðunum um rekstrarsamhæf Norðurlönd og um samvinnu í nafni sjálfbærni og jafnræðis. Formennskan stuðlar að sjálfbærri og réttlátri **stafvæðingu** auk skilvirkar og öruggar upplýsingamiðlunar milli landanna. Markmiðið er að geta betur metið áhrif á loftslag og umhverfi og ráðist í árangursríkar aðgerðir, óháð tækni, til að draga úr losun. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin geta orðið fyrirmyndir annarra um þróun yfir í stafræn samfélög. Breytingarnar, sem stefnt er að, krefjast einbeittra aðgerða sem þjóna öruggri

notkun stafrænnar tækni eins og 5–7G, gervigreindar og annarra tölvulausna og tryggir réttlátan aðgang að hinu sama, hverjar sem tæknilausnirnar kunna að vera.

Stafrænt samfélag sem byggist á hagfeldni, lýðræði og jafnfræði gerir ráð fyrir ákveðinni færni á sviði tölvutækni og kunnáttu í að nota stafræn töl og þjónustur að ógleymdum greiðum aðgangi að rafrænu þjónustuframboði og búnaði. Öryggi og viðbúnaður hvað varðar tölvutækni verður æ veigameira athugunarefni þegar stafvæðingin veldur samfélagsbreytingum. Öryggi samfélagsins er háð því að almenningur kunni vel að nýta sér stafræna tækni og að netþjónustuaðilar séu við öllu búnir.

Það á að vera auðvelt að búa, stunda nám og vinnu og reka fyrirtæki þvert á landamærin á Norðurlöndum. Á formennskuárinu munum við greiða fyrir **frjálsri för og flæði** á Norðurlöndum og vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana í ráðherranefndunum og í Stjórnsýsluhindranaráðinu. Þess verður gætt að ráðið fari vel af stað á endurnýjuðum skipunartíma sínum 2025–2030. Áherslan er meðal annars á framfarir í gagnkvæmri miðlun upplýsinga úr þjóðskrá og á skattasviðinu verður áfram hugað að mögulegum endurbótum í samræmi við leiðbeiningar frá fyrra formennskuári. Hagnýtt samstarf landanna er einnig landamæranefndunum kappsmál sem gegna þýðingarmiklu hlutverki við að þróa samþætt, sjálfbær og samkeppnishæf Norðurlönd.

Norrænu löndin hafa hag af því að gera Evrópusambandið betra og skilvirkara. Unnt er að hafa jákvæð áhrif á ýmis **ESB-mál** fyrirfram með þátttöku í hinum og þessum bandalögum aðildarríkja sem hafa sömu afstöðu. Við viljum að Norðurlönd séu aflvaki og eigi frumkvæði að því að kynna reynslu sína, staðla og lausnir með hliðsjón af forsendum og samfélagsbyggingu samstarfslandanna. Þá getum við skapað norrænt notagildi með því að innleiða ákvarðanir ESB með sambærilegum hætti í norrænu löndunum. Það er hagur norrænu landanna að hafa sameiginlega áhrif á þessi málefni.

Finnland telur brýnt að halda áfram stuðningi við Úkraínu. Norrænu ráðherranefndinni beri áfram sem hingað til að standa við bakið á Úkraínu með aðstoð við enduruppbygginguna og markvissa þróun réttarríkis og borgarasamfélags í landinu, meðal annars á sviði menntamála, og stuðningi við þá sem hljóta tímabundna vernd.



Samstarfið fylgir framtíðarsýn fyrir árið 2030. Forsætisráðherrarnir bera ábyrgð á málefnum norræns samstarfs. Þeir njóta aðstoðar samstarfsráðherra í hverju landi. Ríkisstjórnirnar starfa saman að norrænum málefnum á 14 mismunandi sviðum. Norræna ráðherranefndin nýtur aðstoðar skrifstofu ráðherranefndarinnar, sem leidd er af framkvæmdastjóra.



Mynd: Harri Tarvainen/Visit Finland. Business Finland. Eeva Anundi/ Business Finland.

ÁHERSLA Á SAMFÉLAGSÖRYGGI OG Á BÖRN OG UNGMENNI


Finnland hyggst hafa vakandi auga á samfélagsöryggi, þar með talið viðbúnaði á viðsjárverðum tímum, viðnámsprótti og málefnum barna og ungmenna.

Á formennskuárinu vekjum við athygli á þörfinni á að efla viðnámsprótt Norðurlanda og stuðla að **altækum og umfangsmiklum viðbúnaði** við háskafærni af ýmsum toga og fjölþátta ógnum. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland skulu fá tækifæri til að taka þátt í þessari vinnu. Norðurlandabjóðirnar þurfa markvisst að þjálfast í að vera þrautgóðar og snarráðar á raunastund og efla allsherjarvarnir í sameiningu án þess að undanskilja neitt málefnasvið. Norrænt samstarf ríkisstjórnanna innan mismunandi ráðherranefnda er tilvalinn vettvangur fyrir þetta framtak. Norðurlönd eiga að standa sterk meðal Evrópuríkja og geta brugðist fljótt og vel við hættum á borð við náttúruhamfarir, farsóttir og skipulagða brotastarfsemi. Á vettvangi Evrópusambandsins vinna Finnar að framgangi tillögu sinnar um að móta stefnu að viðbúnaðarbandalagi.

Í síbreytilegu umhverfi er mikilvægt að stjórnvöld tryggi hnökralausa samfellu í grunnvirkni samfélagsins, bregðist við röskun af völdum netógnna og treysti aðfangaöryggið sem og viðbúnaðinn ef neyðarástand skapast. Hvert norrænt land fyrir sig hefur gert áætlanir um samstarf innanlands sem felur í sér að viðkomandi aðilar greini og skiptist á upplýsingum um öryggismál og skipuleggi, æfi og vinni saman. Kórónuveirufaraldurinn sýndi svo að ekki verður um villst að öll svið samfélagsins verði að starfa saman þegar vá kveður að dyrum, meðal annars til að treysta mótstöðuafli almennings, samfélagsþátttöku og endurreisn eða bata. Seigla samfélagsins í Finnlandi til að þola mótlæti byggist á viðbraðgsáætlun um almennt öryggi, þ.e. getunni til að standa vörð um lífshæðislegar grunnstoðir hvað sem á dynur en það krefst þess að stjórnvöld geti unnið saman án vandræða. Finnar eru reiðubúnir að deila með öðrum þjóðum þekkingu sinni og lærdómi um almenn öryggis- og varnarmál.

Þæta þarf norrænu samstarfi við þessar innlendu aðgerðir. Á formennskutímanum er ætlunin að efla viðbúnað og viðnám á öllum starfssviðum ráðherranefndarinnar, hvort sem um er að ræða hæfnipróun, grundvallarkannanir, rannsóknir eða skref í átt að sameiginlegum viðbúnaði, til dæmis áhættumati. Finnland leggur áherslu á mikilvægi þess að fá skýra heildarmynd svo að efla megi viðbúnaðinn og þróa samstarfið áfram. Starfsemin í Norrænu ráðherranefndinni á þátt í að gera Norðurlönd eins öflug, viðbúin og viðnámsþolin og kostur er.

NORRÆNA SAMSTARFIÐ Samfélagsöryggi, þar á meðal stríðsviðbúnaður og seigla; *Grunnstoðir*



Traust er nauðsynlegt til að leysa vandamál og koma í veg fyrir þau. Menntun og menningarframboð eykur þekkingu og færni í að búa í breytilegu samfélagi. Velferð fólks, heilbrigði þess og atorka, forvarnir gegn jaðarsetningu og samfélag sem heldur í heiðri lýðræðis- og jafnræðisreglur stuðlar allt að félagslegum stöðugleika og réttlætiskenn. Störf fyrir almennasamtök, kirkjur og önnur trúfélög eða félagsskap af öðrum toga mótar félagslegar viðmiðunarreglur sem mynda traust og leiða til réttláts samfélags fyrir alla.

Aðfangaöryggið myndar grunn að almennu öryggi samfélagsins. Finnland hyggst efla samstarfið um norrænan viðbúnað og aðfangaöryggi. Fæðuöryggið og traust orkuframboð er snar þáttur í aðfangaörygginu. Finnland mun taka þátt í myndun norræns tengslanets um aðfangaöryggi. Til að byrja með þyrfti tengslanetið að ákveða hvers konar viðbúnað og hvaða málaflokka á sviði aðfangaöryggis í norrænu löndunum væri heppilegt væri að taka upp í norrænt samstarf og því til viðbótar að semja framkvæmdaáætlun.

Finnland hyggst ásamt Álandseyjum leggja áherslu á **réttindi barna og ungmenna, velferð og inngildingu á Norðurlöndum**. Fylgja ber eftir verkefnum ráðherranefndarinnar í þágu barna og ungmenna með kerfisbundnum hætti. Réttindi barna á að vernda með því að hafa það sem þeim er fyrir bestu í öndvegi en í því felst einnig að börn og ungmenni fái aukna hlutdeild í samfélaginu. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem er leiðarljós í starfsemi ráðherranefndarinnar, er með eindæmum ýtarlegur, yfirgripsmikill og nákvæmur. Börn eiga heimtingu á þeirri vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og

af því leiðir að fullorðnu fólki ber annars vegar að tryggja að réttindi barna séu innleidd í raun og veru og hins vegar að réttindin séu ekki virt að vettugi.



Undir formennsku Finnlands og Álandseyja verður sértök áhersla lögð á samfélagsöryggi, aukinn varnarviðbúnað og viðnámsþrótt og málefni barna og ungmenna.



Mynd: Ari-Pekka Darth. Tim Bird. Riitta Supperi/Keksi/Team Finland.

SJÁLFBÆR NORÐURLÖND

Loftslagsbreytingar, skert líffjölbreytni og mengun eru meðal stærstu áskorana mannkyns. Norðurlönd þurfa að leysa úr málunum í sameiningu með tæknihlutlausri framleiðslu á hreinni orku, kolefnishlutleysi, líffræðilegum fjölbreytileika, öflugum vistkerfum, hringrásarhagkerfi og sjálfbærum lífhagkerfum. Norðurlönd eiga að halda alþjóðlegri forystu sinni í nýsköpunarknúnum og samkeppnishæfum hreinum umskiptum.

Umbreyting í sjálfbært hagkerfi og hagvöxt á sviði umhverfismála, sem ekki byggist á óhóflægri nýtingu náttúruauðlinda og jarðefnaeldsneytis, er möguleg fyrir sakir hreinna umskipta. Sjálfbæran hagvöxt leiðir til dæmis af aukinni áherslu á hreina orku, hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og tæknilega og efnahagslega sjálfbærum skiptum yfir í samgöngutæki sem losa minna auk varðveislu og eflingar líffræðilegrar fjölbreytni. Orkuskiptin eru háð nýrri tækni og nýsköpun samhliða aukinni raforkuframleiðslu og -þörf. Stafvæðing, færni og rannsóknir eru veigamiklir þættir í þessu sambandi.

Í hreinum umskiptum felast veruleg tækifæri fyrir landsbyggðina ekki síður en borgir og bæi á Norðurlöndum. Landsbyggðin og afskekkt svæði geta nýtt sér þróunarmöguleika umskiptanna. Forsendur þeirra kunna að markast af landnýtingu og skipulagi héraða. Hrein orka stuðlar að endurnýjun í iðnaði og nýjum fjárfestingum sem aftur hafa ný atvinnutækifæri í för með sér. Tækifæri til umskipta eru ekki þau sömu frá einu svæði til annars sem undirstrikar mikilvægi þátta á borð við byggðajafnvægi og viðurkenningu.

Lýðfræðileg þróun skapar vanda sem bæði vaxandi **þéttbýliskjarnar og svæði sem glíma við fólksfækkun** standa frammi fyrir. Samt eru forsendur til að lifa góðu lífi á öllum afbrigðum svæða og ýmislegt sem laðar að. Þar sem búseturöskun hefur átt sér stað eða á afskekktum stöðum er þörf á snjallri aðlögun og kann hún að fela í sér fráhrarf frá markmiðinu um stöðuga fjölgun íbúa. Hvarvetna er nauðsynlegt að greina og efla þætti sem eru líklegir til að auka aðdráttarafið og bæta forsendurnar fyrir góðu lífi en það stendur þeim svæðum næst sem dragast aftur úr þróuninni.

Kolefnisumsýsla (CCUS, föngun, nýting og geymsla CO₂) í iðnaði mun sennilega auka gildi sitt á næstu árum ásamt kolefnisviðtökum og -birgðum skóganna. Styðja verður við þróun

og framkvæmd lausna á sviði kolefnisumsýslu í iðnaði, þar á meðal lausna sem byggjast á losun, geymslu og nýtingu á lífrænu kolefni. Þegar Finnland gegnir formennsku verður stefnt að því að efla norræna CCUS-samstarfið og þar með upplýsingaflæðið milli stjórnvalda, rannsóknarstofnana og annarra sem málið varðar.

Búist er við að hrein og stafræn umskipti á heimsvísu auki eftirspurn eftir **málmgrýti** og væntir atvinnugeirinn mikils af því í framtíðinni. Það er ótvírætt styrkleiki Norðurlanda að berggrunnurinn er auðugur að steinefnum og þekking á hráefninu mikil. Námu- og auðlindageirinn á Norðurlöndum er í stakk búinn til að mæta hnattrænum áskorunum og jafnframt stuðla að almennri efnahagsþróun landanna. Tillit til umhverfissjónarmiða gerir kleift að þróa og nýta sjálfbærari aðferðir bæði innan og utan Norðurlanda.

Norðurlönd hafa til mikils að vinna með því að auka sjálfbærni, viðnámsþrótt og samkeppnishæfni í **matvælaframleiðslu og lífhagkerfi**. Formennskan á að hefja til vegs sjálfbæra stjórn og nýtingu lífrænna náttúruauðlinda. Samvinna á þessu sviði um að laga sig að loftslagsbreytingum og draga úr loftslagsáhrifum hefur mikla þýðingu. Aðlögun samfélagsins að loftslagsbreytingunum veltur að miklu leyti á þróun lífrænna atvinnuvega, landbúnaðar og skógræktar, fiskveiða og lagareldis. Á formennskutímanum verða umskipti að því er varðar orkugjafa fyrir sjávarútveginn í brennidepli. Samstarf um þróun nýrra prótíngjafa leggur grunn að samkeppnishæfri og sjálfbærri framleiðslu og eykur jafnframt viðnámsþróttinn.

Norrænt samstarf keppir að heilsusamlegri og sjálfbærri neyslu matar og drykkjar með tilliti til aðstæðna í löndunum. Meðal annars snýst það um innleiðingu norrænu næringarráðlegginganna, vandaðri upplýsingagjöf til neytenda og minni matarsóun. Þessi málefni standa í nánnum tengslum við bættu sjálfbærni matvælakefna, þ.e.a.s. umhverfislega, fjárhagslega, menningarlega og félagslega sjálfbærni, sem er þungamiðjan í þeirri viðleitni að ná markmiðunum með sjálfbærri þróun.

Þróttmikið mótstöðuafli lífhagkerfis og fæðuframboðs fær æ meira vægi í norrænu samstarfi. Samkeppnishæft lífhagkerfi sem lagar sig að breytingum á loftslaginu stuðlar enn fremur að auknu almennu öryggi í samfélaginu. Norrænu löndin geta í sameiningu fundið leiðir til að viðhalda og efla sjálfbæra landbúnaðarframleiðslu andspænis hnattrænum ógnum.

Alþjóðasamstarf um umhverfis- og loftslagsmál verður áfram keppikefli í norrænu samstarfi meðan Finnland gegnir formennsku. Áskoranir á sviði umhverfis- og loftslagsmála virða oftast ekki landamæri og verður að mæta þeim með alþjóðlegri samvinnu og raunar hnattrænum samtakamætti. Norrænu löndin sinna alþjóðlegum samningaviðræðum vel og taka virkan þátt í gerð metnaðarfullra umhverfis- og loftslagssamninga. Undanfarin ár hafa þau ekki látið sitt eftir liggja í samningum um nýtt alþjóðlegt samkomulag um plast svo að dæmi sé tekið.



Norðurlönd eiga að halda alþjóðlegri forystu sinni í nýsköpunarknúnum og samkeppnishæfum hreinum umskiptum.



Mynd: Visit Åland. Harri Tarvainen. Riitta Supperi/Keksi/Team Finland.

SAMKEPPNISHÆF NORÐURLÖND

Efnahagsleg staða og samkeppnishæfni Norðurlandþjóðanna með tilliti til annarra þjóða ræður öllu um þróun atvinnuveganna og velferð samfélagsins. Norræn fyrirtæki eiga eins og áður að hafa bolmagn og getu til að endurnýja sig og gera sig gildandi á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Samkeppnishæfni Norðurlanda byggist á þverlægu samstarfi fagsviðanna. Norrænu löndin ættu einnig að efla samstarf sitt um aukinn útflutning.

Formennskan hyggst stuðla að samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja með því að efla samstarf á sviðum eins og nýsköpun og sjálfbærar lausnir. Norðurlönd eiga að verða enn áhugaverðari fjárfestingarkostur að því er varðar auðlindanýtin umskipti yfir í hreina orku. Heilbrigð samkeppni á Norðurlöndum hjálpar viðskiptalífínu að endurnýja sig. Norðurlandabúar gera sér grein fyrir kostunum við opna markaði og virka samkeppni. Vinna má að virkum mörkuðum með því að benda á mikilvægi samkeppni og stefna að fyrisjáanlegum reglum sem tryggja jafna samkeppnistöðu og leggja ekki að ástæðulausu stein í götu þeirra sem vilja hasla sér völl eða starfa á tilteknum markaði.

Þjóðir sem búa yfir **færni og þekkingu** skapa forsendur fyrir sjálfbærum hagvexti og styrkja félagslegt viðnám í breytilegum heimi. Án mikillar færni og getu verður engin nýsköpun sem má telja félagslega mikilvæga og sjálfbæra. Menntakerfi á Norðurlöndum þurfa að geta skilað af sér fullnægjandi færni og fólki sem stutt getur við viðkvæmar en mikilvægar grunnstoðir samfélagsins í því skyni að viðhalda öruggu framboði af vörum og þjónustu og mæta þörfum hringrásarhagkerfisins. Þess vegna þarf að sjá til þess að framboð starfsgreinanáms og æðri menntunar sé nægilegt til að svara þeirri þörf fyrir færni og þekkingu sem slíkar grunnstoðir krefjast.

Rannsóknir gegna miklu hlutverki á Norðurlöndum. Þvervísindalegar rannsóknir sem byggjast á víðtæku samstarfi margra mismunandi greina skila hagnýtum lausnum á miklum samfélagslegum áskorunum. Starfsemi og ákvarðanir ráðherranefndarinnar ættu ávallt að byggjast á rannsóknum og þekkingu sem styðst við traustar vísindalegar niðurstöður.

Finnland og Álandseyjar munu áfram leitast við að greiða fyrir **frjálsri för og flæði fólks og fyrirtækja** og sporna við stjórnsýsluhindrunum sem hamla hagvexti. Norrænu löndin sem ein stafræn heild án landamæragirðinga er forsenda sjálfbærs hagvaxtar og markmiða sjálfbærra Norðurlanda. Formennskan hyggst því vinna að hindrunarlausri stafrænni einingu á Norðurlöndum. Hreyfanleiki er snar liður í að auka gæði náms og kennslu og jafnframt draga úr skorti á hæfu vinnuafli. Hreyfanleiki styrkir enn fremur samstarf á sviði lista og menningar auk þess sem hann auðveldar almennum borgurum og samtökum þeirra að hleypa verkefnum af stokkunum og riða tengslanet. Á seinni árum hefur frjáls för og flæði á Norðurlöndum sem og í Evrópu orðið takmarkaðri þannig að markmið formenskunnar þarf að vera ekkert minna en afburðagóður hreyfanleiki milli norrænu landanna.

Skipta þarf yfir í hreina orku og nota endurnýjanlega orkugjafa og er það sérstakt áherslumál Finnlands og Álandseyja á formennskuárinu. **Orkuöryggi** á Norðurlöndum er veigamikill þáttur í efnahagslegum stöðugleika og velferð samfélagsins. Enda þótt orkumálum sé hagað með ýmsu móti í löndunum er sameiginlegt markmið þeirra að tryggja áreiðanlegt, hagkvæmt og sjálfbært framboð á orku. Fjölbreyttar orkulindir efla viðnámsþróttinn og draga úr áhættunni á að norrænu löndin verði of háð einum orkugjafa.

Löndin eru nátengd hverju öðru þegar kemur að raforkukerfum og sameiginlegum mörkuðum. Vegna slíkra tengsla milli landanna er unnt að jafna út sveiflur í framleiðslu og eftirspurn orku, hámarka auðlindanýtinguna og bæta aðfangaöryggi og viðbúnað í sambandi við það. Áreiðanlegt og órofa orkuframboð, vernd viðkvæmra grunnstoða og varnir gegn mismunandi ógnum og röskunum byggist að miklu leyti á öruggum **orkuinnviðum**.

Þess vegna hefur það mikla þýðingu að treysta fullnægjandi **möguleika á raforkuframleiðslu**, ekki síst þegar háski er í aðsigi. Sjálfbær og lítt mengandi orkuframtið krefst tæknilegrar framþróunar og samstarfs.

Lífhagkerfið skipar veglegan sess í umbreytingu iðnaðargeirans og opnar á mikilsverð verslunar- og viðskiptatækifæri og ný atvinnutækifæri. Á grunni norræns samstarfs og sjálfbærrar auðlindastjórnunar og -nýtingar er unnt að styrkja samkeppnishæfni Norðurlanda í samanburði við önnur svæði og gera iðngreinum kleift að nýta til fulls kosti lífhagkerfisins. Með því að ýta undir samstarfstækifæri um lífgrundaðar afurðir og finna leiðir til að virkja hringrásarhagkerfið er hægt að bæta auðlindanýtinguna og stuðla að hagvexti.

Norrænu löndin eiga að vinna saman sem eitt land að stefnumörkun og lagasmíð um lífhagkerfið auk þess að auðvelda og flýta viðurkenningu og markaðssetningu lífgrundaðra afurða. Keppa þarf að snurðulausri virðisdeðju, fullnægjandi rannsóknum og aðlögunarhæfni í iðnaði. Norrænt samstarf á einnig að ýta undir sameiginlegar rannsóknir og nýsköpun og vekja áhuga fjárfesta.

Staða heimsmálanna veldur norrænu löndunum áhyggjum sem reiða sig á opna alþjóðaverslun og fjárfestingar. Standi löndin saman geta þau beitt styrk sínum

sameiginlega og vegið upp á móti veikleikum iðnaðargeirans. Formennskuríkið Finnland hyggst ráðast í rannsóknarverkefni um **alþjóðlegar virðisikeðjur** norræns iðnaðar á völdum sviðum mikilvægra og viðkvæmra iðngreina. Þegar um er að ræða virðisikeðjur og viðbrögð við hættum verður einnig að hafa í huga loftslagsbreytingarnar og aðlögun að þeim auk versnandi ásigkomulags umhverfisins. Berskjaldaðar virðisikeðjur iðnaðarins eiga mikið undir hringrásarhagkerfinu við að efla varnir sínar.

Samgöngukerfi framtíðarinnar eru örugg, kunnáttusamlega upp byggð og sjálfbær. Þau ná til samstarfsneta, fólks- og farmflutninga og þjónustu þeirra vegna auk upplýsingamiðlunar. Í framtíðinni á að vera unnt að flytja fólk og vörur með öruggari, sjálfbærari, umhverfisvænni, skilvirkari og hagkvæmari hætti en áður. Finnland hyggst nýta formennskutíð sína til að undirbúa stefnu fyrir samgöngukerfið með áherslu á almennt öryggi. Nauðsynlegt er að horfa heildstætt á samgöngukerfið í samstarfinu.

Finna þarf leiðir til að skipta yfir í annars konar eldsneyti fyrir samgöngutæki, sér í lagi þungaumferð, með tilliti til tæknihlutleysis. Við umskiptin þarf að standa vörð um kaupmátt almennings og samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Formennskan mun standa fyrir norrænu samstarfsverkefni þar sem rannsaka á aðra kosti til að knýja þung farartæki en hefðbundið eldsneyti.

Norrænt samstarf um betrubætur á samgöngum og skipulagi þeirra auk samskiptakerfa að ógleymdri skipulagningu og uppbyggingu á sviði varnarviðbúnaðar getur haft úrslitapýðingu. Aðfangaöryggi ásamt undirbúningi að þróun stafrænna og hlutrænna tenginga og þjónustuframboðs verður seint ofmetið. Sama á við um samstarf og auðkenningu gagnkvæms hæðis milli sviða. Vernda þarf mikilvæga innviði svo að markaðir og almenningur verði fyrir sem minnstri röskun, hvað sem á dynur.

Siglingar og hafnir hafa úrslitapýðingu fyrir flutninga tengda utanríkisviðskiptum norrænu landanna og aðfangaöryggið. Til dæmis fóru löndin ekki varhluta af ástandinu á Rauðahafinu 2024 og áhrif þess á alþjóðasiglingar, stækkun svokallaðs skuggaflota og stöðunni í Eystrasalti. Opnar flutningaleiðir eru lífæð norræns atvinnulífs og þar með samkeppnishæfni alls samfélagsins. Norðurlönd gæta því heildarhagsmuna sinna með því að hafa öruggar vetrarsiglingar og ísstyrkt skip í huga þegar reglur eru settar um losun frá skipum.

Hvað snertir norrænt **samstarf um ferðaþjónustu** mun Finnland ásamt Álandseyjum hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun um ferðaþjónustu sem var samin 2024 og kortleggja fjárfestingarmöguleika í samstarfi við norræna starfshópinn um ferðaþjónustu, Norrænu nýsköpunarmiðstöðina og skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Þátttaka í heimssýningunni **Osaka Expo 2025** þar sem verður sameiginlegur norrænn skáli er gott dæmi um milliríkjasamstarf og upplagt tækifæri til þess að auglýsa á alþjóðavísu samkeppnishæfni Norðurlanda, norrænu löndin sem sameiginlegan fjárfestingamarkað og norræn gildi, menningu, nýsköpun og sjálfbæra þróun.

Menningarsamstarf norrænu landanna sameinar íbúana þvert á landamæri og hefur mikið að segja um velferð fólks og samfélagsþátttöku. Skapandi greinar og menningarlífið eru ekki allítil lyftistöng fyrir samkeppnishæfni Norðurlanda og alþjóðlegt aðdráttarafli. Lista- og menningargeirinn á að fá aukinn styrk til að mæta samfélagsáskorunum.



Markmiðið um samkeppnishæf Norðurlönd krefst þverfaglegs samstarfs. Norrænu löndin þurfa einnig að efla samstarfið á sviði útflutnings.



Mynd: Maija Astikainen/Helsinki Marketing. Mikael Ahlfors/Keksi/Team Finland.

FÉLAGSLEGA SJÁLFBÆR NORÐURLÖND

Norrænu velferðarsamfélögin hafa í miklum mæli byggst á trausti en þróunin upp á síðkastið sýnir að ýmis spjót standa á norræna velferðarlíkaninu og félagslegri samstöðu.

Félagslega sjálfbært samfélag býr öllum íbúum sínum jafna möguleika á góðu lífi og stendur jafnframt vörð um umhverfið og auðlindirnar fyrir ófæddar kynslóðir. Í réttlátu samfélagi án aðgreiningar er ráðist af alefli gegn mismunun og ójafnræði. Heilsusamlegri og sjálfbærari matvælaneysla stuðlar einnig að bættri lýðheilsu. Ör þróun gervigreindar og hagnýting hennar felur í sér ný tækifæri fyrir alla þjóðfélagshópa, einkum þó ungt fólk. Um leið verða til áhættur eins og netógnir og útilokun ákveðinna hópa frá tækifærum sem ný tækni hefur í för með sér. Á formennskutímanum á einnig að ræða aukinn einbeitingarskort og kvíðaeinkenni barna og ungmenna í tengslum við sífellt meiri notkun stafrænna tækja.

Traust á **réttarríki, lýðræði og jafnrétti** er einn af hornsteinum norræns samfélags sem verður að efla og varðveita. Sterk félagsleg samstaða stuðlar að öryggi og stuðningi fyrir einstaklinga og hópa. Í slíku samfélagi er vellíðan meiri og sömuleiðis seigla gagnvart mótlæti og áskorunum.

Hvað snertir forvarnir og baráttu gegn afbrotum ungmenna og gengja og aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi þvert á landamæri hyggst formennskan einbeita sér að nánu samstarfi og gagnkvæmu upplýsingaflæði, þar á meðal um reynslu landanna. Áfram verður leitast við að upplýsa brotastarfsemi og hvaðeina sem kemur henni til leiðar og munu viðræður fara fram um frekari þróun samstarfs í fangelsismálum.

Formennskunni er enn fremur ætlað að efla mótstöðuafli lýðræðisins. Margradda samfélagi og lýðræðislegri framþróun er nauðsyn á að fólk á öllum aldri hafi tækifæri til að láta að sér kveða og taka þátt. Baráttan gegn spillingu, mikið traust og efnahagslegur stöðugleiki á Norðurlöndum rennir styrkum stoðum undir réttarríkið um leið og það bælir niður skipulagða brotastarfsemi. Af þessum sökum ættu norrænu löndin að nýta formennskuárið til að skilgreina baráttuaðferðir gegn spillingu og skiptast á upplýsingum um hyggilegt verklag.

Hærra þekkingar- og menntastig hefur áhrif á félagslega velferð. Rannsóknir seinni ára sýna að frammistaða nemenda dalar á Norðurlöndum. Kunnáttu í lestri, stærðfræði og náttúruvísindum hrakar og munur á nemendahópum eykst. Á formennskutímanum viljum við efla norrænt samstarf um að leita orsakanna fyrir lakari frammistöðu á Norðurlöndum og finna leiðir til að snúa þróuninni við.

Stafvæðing og gervigreind geta haft áhrif á lykilaðila og ferla í lýðræðislegum samfélögum en einnig stuðlað að endurnýjun þeirra. Formennskan mun beina sjónum sínum að **fjölmiðlalæsi og lýðræðisuppeldi**. Fölskum eða villandi upplýsingum er vísitandi beint gegn samfélaginu og lýðræðinu. Gott fjölmiðlalæsi og hæfileiki til að bera kennsl á upplýsingaóreiðu gerir fólk á öllum aldri hæfara til samfélagsþátttöku og eykur þar með viðnámsþróttinn.

Formennska Finnlands og Álandseyja hyggst efla norrænt samstarf um **fötlunarmál** og samþættingu þeirra. Markmiðið er að styrkja þekkingargrunninn og vekja fólk til vitundar um réttindi fatlaðs fólks og stuðla þannig að framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á mismunandi sviðum og á mismunandi stigum.

Stafræn umskipti og viðbúnaður eru mikilvæg málefni í umræðunni um réttindi fatlaðra. Séu réttindi fatlaðs fólks virt á þessum sviðum er jafnframt stuðlað að félagslega sjálfbærum Norðurlönd þar sem enginn lendir utangarðs. Samstarfið að fötlunarmálum verður enn fremur til þess að norræn vídd kemur inn í pólitískar umræður um fötlunarmál á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Þar að auki á norrænt samstarf um fötlunarmál árið 2025 að snúast um mannréttindi með skírskotun til margra mismunandi þátta, það er að segja hvernig breytur á borð við aldur og kyn hafa áhrif á stöðu fatlaðra.

Norðurlönd eru í forystu á heimsvísu þegar kemur að **jafnrétti** en enn er margt ógert. Á formennskuárinu verða jafnréttismál, jöfn laun, kynbundið ofbeldi og velferð þeirra sem tilheyra jaðarkynverundarhópum og kynferðislegum minnihlutahópum ofarlega á dagskrá. Finnland fylgir langtímastefnu í mannréttindamálum og beitir sér fyrir og ver réttindi kvenna, stúlkna, fatlaðra, frumbyggja, jaðarkynverundarhópa og kynferðislegra minnihlutahópa auk annarra hópa í viðkvæmri stöðu.

Á árinu 2025 verða 30 ár liðin frá því að Þekingsáttmálinn var samþykktur og sömuleiðis framkvæmdaáætlun á grunni hans en þetta eru meðal mikilvægustu skjalanna í alþjóðasamstarfi um jafnréttismál. Á formennskuárinu verður þýðing framkvæmdaáætlunarinnar frá norrænu sjónarhorni rannsökuð og reynt að greina hvaða verkefni í henni á eftir að vinna.

Menningarlegur fjölbreytileiki, inngilding og jafnræði eru grundvallargildi norrænna þjóða. Til að mæta megi áskorunum framtíðarinnar er mikilvægt að öllum Norðurlandabúum, óháð aldri, kyni, kynhneigð, skoðun, hugsanlegri fötlun, tungumáli eða uppruna, líði vel og njóti bestu mögulegu forsendna til að taka þátt í menningarlífi og samfélagsþróun á Norðurlöndum.

Á formennskuárinu munum við athuga í sameiningu hvernig unnt er að styðja við menningu og tungumál á Norðurlöndum í sinni margvíslegu mynd, auka þátttöku og inngildingu sem og jafnrétti í menningarlífinu og tryggja gott og uppbyggilegt samstarf í framtíðinni. Jafnframt vilja Finnland og Álandseyjar að fram fari kröftugri umræður um aukinn hreyfanleika og miðlun á reynslu milli menningarlegra og listrænna aðila á Norðurlöndum annars vegar og aðila frá norðurslóðum, Eystrasaltsríkjunum og öðrum grannsvæðum hins vegar.


Finnland styður sem fyrr upplýsingaskipti um reynslu á sviði viðbúnaðar og leitar samnorrænna lausna á helstu áskorunum menningarsviðsins, einkum hvað varðar breytingar á rekstrarumhverfi, formi og uppbyggingu lista- og menningargeirans og fjármögnunarhorfur. Þá ber hátt áhrif nýrrar tækni á norræna stefnumótun í menningarmálum, þar á meðal hagnýtingu verka og samískrar menningar í innlögn nýskapandi gervigreindar.

Aðgerðum gegn misnotkun á vinnumarkaði er ætlað að tryggja að lágmarkskröfur í ráðningarsambandi séu uppfylltar og öðrum skuldbindingum fylgt fram, óháð bakgrunni launamanna. Um leið verður reynt að sjá til þess að samkeppni fyrirtækja sé réttlát og að allir hlíti sömu reglum. Formennskan tekur upp þráðinn í þessu efni með því að hvetja til ráðstafana sem eiga að koma í veg fyrir misnotkun á vinnumarkaði, einkum hvað snertir samstarf mismunandi stjórnvalda.

Sálfélagslegt vinnuumhverfi er mikilvægt viðfangsefni norræns vinnumarkaðar og einn af meginþáttum vinnueftirlits. Sífelldar breytingar eru krefjandi fyrir atvinnugreinarnar en gott starfsumhverfi grundvöllur sjálfbærs atvinnulífs. Sálfélagslegt vinnuumhverfi skipar stöðugt stærri sess í atvinnulífinu vegna breytinga sem verða á starfs- og rekstrarumhverfinu og vitsmunalegra krafna vinnunnar. Mjög margir Norðurlandabúa telja að andleg vanlíðan hafi dregið úr starfsgetu þeirra. Geðræn vandamál eru orðin venjuleg ástæða skertrar starfsgetu hvarvetna á Norðurlöndum.

Til að ná markmiðunum um gott vinnuumhverfi er nauðsynlegt að fyrirbyggja og bregðast við sálfélagslegum áhættuþáttum á vinnustað. Með forvirkum aðgerðum í sálfélagslegu vinnuumhverfi má hafa áhrif á þrek starfsfólks til vinnu og athafna, líðan þess og möguleika á að halda áfram í starfi. Málefnið er einnig ofarlega á baugi á vettvangi ESB og eitt af stöðum félagslegra réttinda.

Tungumál sameinar fólk í samfélag og eflir traust, lýðræði og þátttöku. Norrænt málsamfélag styrkir norræna sjálfsmynd og á því þátt í að gera Norðurlönd að samþættasta svæði heims. Á formennskuárinu verður fylgt úr hlaði nýrri yfirlýsingu um norræna málstefnu sem mennta- og menningarmálaráðherrarnir samþykktu árið 2024. Á grunni hennar vill formennskan standa að fyrirhyggjusamri og árangursríkri norrænni málstefnu sem tekur breytingum í takt við tíðarandann, meðal annars vegna þróunar stafrænnar tækni, gervigreindar og alþjóðavæðingar.



Félagslega sjálfbært samfélag býr öllum íbúum sínum jafna möguleika á góðu lífi og stendur jafnframt vörð um umhverfið og auðlindirnar fyrir ófæddar kynslóðir.




Mynd: Daniel Eriksson/Visit Åland. Pasi Markkanen. Pasi Markkanen.

BOÐIÐ ER TIL SAMSTARFS UM SJÁLFBÆR, IÐJUSÖM OG SAMHELDIN NORÐURLÖND 2025

Áætlun þessi fjallar um áherslumál okkar og sameiginleg markmið fyrir formennskuárið 2025. Formennska Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni ásamt Álandseyjum lýsir einlægum áhuga okkar á norrænu samstarfi. Auk þess er hún hlekkur í þeirri keðju sem norrænu löndin mynda þegar þau taka við formenskukeflinu hvert af öðru.

Samningsbundið samstarf norrænu ríkisstjórnanna leiðir til margs konar hagræðis fyrir Norðurlandabúa. Samstarfið eins og það er nú er engan veginn sjálfgefið heldur er það árangurinn af áratugalangri sögulegri atburðarás þar sem Norræna ráðherranefndin, sem var sett á fót árið 1971, gegnir lykilhlutverki. Um þessar mundir er brýnt að við varðveitum og þróum þessa dýrmætu hefð samstarfs og samvinnu sem grundvallast á gagnkvæmu trausti.

Á undanförunum árum hefur mikilvægi norræns samstarfs aukist enn og þarf að vekja athygli á raunverulegum árangri þess í opinberri umræðu á Norðurlöndum. Hvernig og hversu ört sem veröldin veltist verða norrænu löndin sameiginlega að finna sjálfbær svör við aðsteðjandi vanda og ávallt mæla fyrir norrænum sjónarmiðum, ekki síst á alþjóðavettvangi. Sameinuð stöndum við sterkar að vígi.



Norðurlönd – sameinuð og sterk

SLÓÐIR AÐ SAMSTARFSÁÆTLUNUM RÁÐHERRANEFNDARINNAR:



Norrænu
samstarfs-
ráðherrarnir
MR-SAM



Ráðherra-
nefndin um
vinnumál
MR-A



Ráðherra-
nefndin um
orkustefnu
MR-E



Ráðherranefndin
um atvinnustefnu
MR-N



Ráðherra-
nefndin um
byggðastefnu
og skipulags-
mál
MR-R



Ráðherra-
nefndin um
fiskveiðar og
lagareldi,
landbúnað,
matvæli og
skógrækt
MR-FJLS



Ráðherra-
nefndin um
jafnrétti og
hinsegin
málefni
MR-JÄM



Ráð-
herranefndin
um
menningarmál
MR-K



Ráðherra-
nefndin um
dómsmál
MR-JUST



Ráðherra-
nefndin um
umhverfis- og
loftslagsmál
MR-MK



Ráðherra-
nefndin um
félags- og
heilbrigðismál
MR-S



Ráðherra-
nefndin um
menntamál
og rannsóknir
MR-U



Ráðherra-
nefndin um
efnahags- og
fjármál
MR-FINANS



Ráðherranefndin
um stafræna
væðingu
MR-DIGITAL

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd eiga
að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

UM RITIÐ

NORÐURLÖND 2025: SAMEINUÐ OG STERK. FORMENNSKUÁÆTLUN FINNLANDS OG ÁLANDSEYJA 2025

PolitikNord 2024:777

ISBN 978-92-893-8067-6 PDF

ISBN 978-92-893-8068-3 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politikkord2024-777>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Útgefið: Október 2024

Mynd: Leikas/Visit Saimaa: An aerial view of the island.

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur